

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 6. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130600015/ksj


Svínhagi, lóð SH19, tillaga að deiliskipulagi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 18. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi lóðar SH19 í landi Svínhaga II í Rangárþingi ytra. Lóðin er 13,9 ha að stærð og er lögbýli. Deiliskipulagið tekur til byggingar á tveimur íbúðahúsum, sundlaug, hesthúsi, vélageymslu og jarðhýsi.

Svæðið sem deiliskipulagið nær yfir er fyrir sunnan Þingskálaveg sem er aðkomuvegur að frístundabyggð á Svínhaga. Fyrir sunnan rennur Selsundslækur. Framkvæmdir eru áætlaðar í u.þ.b. 100 metra fjarlægð frá læknum. Svæðið er sandorpið en í nágrenni þess er Hekluhraun og birkikjarrsvæði og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að við ræktun verði notaðar íslenskar tegundir. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun